


† Björn Blöndal héraðslæknir

var fæddur 19. sept. 1865 í Flatey á Breiðafirði. Hann kom í Reykjavíkurskóla 1879 og útskrifaðist þaðan 1885, gekk á læknaskólann og varð kandidat 1889. Veturinn eftir dvaldi hann í Kaupmannahöfn, og 21. júní 1890 var hann settur aukalæknir í Þingeyjarsýslu, austan Jökulsár. 1899 flutti hann að austan og settist að á Blönduósi. 1901 var hann skipaður héraðslæknir í Miðtjarðarhéraði án eftirlaunaréttar, en 27. október 1908 fékk hann veitingarbréi konungs fyrir héraðinu. 28. júlí 1915 var honum veitt lausn frá embætti sökum heilsubrests (heyrnardeyfu). Flutti hann þá til Reykjavíkur og dvaldi þar uns hann 1919 flutti til Siglufjarðar, og þar andaðist hann 27. sept. síðastl., rúmlega 62 ára að aldri. Þjónandi læknir var hann í 25 ár.



Björn heit. læknir var vel gefinn maður, stiltur og vandaður. Hann var skrautritari góður, líkt og Benedikt Gröndal móðurbróðir hans, hagnæltur var hann, og hafa verið prentaðar eftir hann nokkrar söngvísur. Söngurinn var hans mesta yndi, söngródd hafði hann mikla og fagra, auðvitað bassa, eins og aðrir Blöndalar, lék allvel á hljóðfæri, og hafði næman söngsmekk. Hann var glaður í hóp góðra vina og skemti þá oft með söng. Yndi var að heyra hann syngja vísu Bj. Thorarensens:

„Ungur þótti eg með söng
yndi vékja' í sveina glaumi.“

Hún var hans uppáhald og þar náði hann sér niðri.

Þegar Björn kom til aukalæknishéraðsins í Þingeyjarsýslu var þar, eins og vant var á þeim tímum, enginn samastaður ætlaður lækninum. Flutti hann því til Raufarhafnar og var þar fyrsta veturinn. Vorið eftir var honum fengin landssjóðsjörðin Sævarland í Pistilfirði, harðbalakot 8 hndr. að nýju mati. Bygging var forn, svo það þótti ástæða til að hressa upp á hana, áður en nýi læknirinn kæmi; var það gert á þann hátt að þiljaður var af og þiljum slegið innan í annan enda baðstofunnar, og þar með læknisbústaðurinn reistur. Sá var kosturinn, að Sævarland lá rétt við Axarfjarðarheiði, en hún skifti héraðinu í tvent og gerði þetta hérað eitt hið allra erfiðasta yfirferðar. Það var ekki nema fyrir ungan hreystimann að bregða sér yfir Axarfjarðarheiði, máske 2svar í viku fram og aftur, og það oft fótgangandi, en Björn heitinn lét ekki standa á sér, er hans var vitjað til sjúkra, enda var hann vinsæll læknir, því allir sáu að hann vann sitt starf með alúð og samviskusemi.

Aukalæknislaunin voru 1000 kr. Dagkaup á ferðalagi 4 kr., og jafnt

reiknað þótt allur sólarhringurinn færi í ferðalög og vöku. 25 aurar voru greiddir fyrir að rannsaka sjúklinginn og annað gjald eftir því. Þó fanst sumum gjaldendum þetta fullhátt gjald, og Björn var þá ekki að sakast um slíkt, en tók oftast það, sem að honum var rétt.

Eftir að hafa slítið sér út í þessu óskaplega héraði í 9 ár, flutti hann vestur á Blönduós, því Húnavatnssýslu hafði þá verið skift í 2 lækni-héruð, enda var honum nauðugur einn kostur að komast frá Sævarlandi, því fjölskyldan komst nú ekki lengur fyrir í kofunum. Á Blönduósi var Björn kominn í hóp frænda sinna og vina, og þar hefir hann eflaust helst kosið að ílengjast, en eldri lækni-rinn, sem sat í Klömburum, kaus heldur að flytja til Blönduóss en Hvammstanga; réði það úrslitum í því máli. Þó oft væri þröngt í búi á Hvammstanga, með 6 börn í ómegð, var ásandið gerólikt því, sem það var í Pistilfirðinum, enda hygg eg að enginn læknir hafi átt við eins mikla örðugleika að stríða og Björn heitinn, meðan hann dvaldi þar. Hefi eg heyrt, að honum hafi einhvern-tíma hrotið þetta af munni: „Þeir skulu sjá það, þegar eg er farinn, hvern þeir fá, sem þeir geta eins þrælað út í ferðalögum og mér.“

Þegar Björn hætti lækni-störfum, flutti hann til Reykjavíkur og vann í nokkur ár á skrifstofu Reykjavíkur-lyfjabúðar, en fór svo norður til Siglufjarðar og vann að útgáfu blaðsins „Fram“, sem Sofus sonur hans gaf út í nokkur ár á Siglufirði. Eftir að það blað hætti að koma út, vann hann helst að útleggingu ýmsra sögurita og hafa sum þeirra verið prentuð í blöðum og bókum, en það handritið, sem honum mun hafa þótt mest um vert, þýðingin á bókinni „Sorrows of Satan“ eftir M. Corelli, brann ásamt upplaginu, sem prentað var í prentsmiðju H. Thorarensens á Siglufirði. En þarfasta verkið hefir Björn heit. eflaust leyst af hendi, er hann þýddi bók próf. Sv. Monrads um hirðing heilbrigðra barna, og heitir „Mæðrabókin“. Því fyrst og fremst er bók þessi sígilt rit, og í öðru lagi þýdd á svo lipurt og létt mál, að unun er að lesa hana, og sýnir best hve Birni var tamt orðið að rita fagurt mál. 1889 giftist Björn Sig-ríði Möller, sem var fædd og uppalin hér í Reykjavík. Þessi voru börn þeirra: Sofus, kaupmaður á Siglufirði; Kristjana, á skrifstofu Garðars Gíslasonar hér; Gunnlaugur, listmálari hér; Sveinbjörn, dó í Kaupmanna-höfn (við háskólanám); Magnús, verslunarmaður á Akureyri, og Sig-ríður, heima hjá móður sinni á Siglufirði.

J. J.

Lækningabálkur.

Vaccinelækningar.

Orðið vaccine, sem upprunalega var aðeins notað um virus kúaból-unnar (vacca = kýr), er nú notað um hvers konar sýklagróður, sem not-aður er til lækninga. Venjulega verður að drepa sýklana, til þess að hægt sé að nota slíkan gróður sjúklingnum að hættulausu. Það verður að ger-ast á sem vægilegastan hátt, þannig að antigen sýklanna breytist sem minst. Vaccineverkunin á nefnil. að vera í því fólgin, að örva líkams-